

**Nd.**

**499. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Sveini Ólafssyni og Hákonni J. Kristóferssyni.

1. Við 11. gr.

Aftan við greinina komi ný málsgrein:

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr., í 2400 kr.

2. Við 12. gr.

Í fyrstu málsgrein komi fyrir »1000 kr.« (í ritfje):  
1500 kr.

3. Við 14. gr.

Greinin orðist svo:

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en lannin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr., í 3000 kr.

4. Við 16. gr.

Aftan við greinina komi:

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., en lannin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. í 2600 kr.

5. Við 22. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Prófastar hafa í árslaun 300 kr. þar, sem áðnr guldnt 100 kr., og 500 kr. þar, sem áðnr voru 200 kr.

6. Við 33. gr.

a) Fyrir »í Reykjavík« á *tveim stöðum* komi:  
í 4 aðalkanpstöðum landsins.

b) Í stað »25%« í fyrri málsgrein komi:  
35%.

c) Fyrir »3000 kr.« í síðari málsgrein komi:  
2000 kr.

d) Fyrir »500 kr.« í niðnrlagi annarar málsgreinar komi:  
1200 kr.